

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 55/2000

frá 28. júní 2000

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2000 frá 31. mars 2000⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1804/1999 frá 19. júlí 1999 um viðbót við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum⁽²⁾ skal fæld inn í samninginn.
- 3) Í kjölfar aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar er nauðsynlegt að breyta aðlögunarliðunum við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla í II. viðauka við samninginn:

„- **399 R 1804:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1804/1999 frá 19. júlí 1999 (Stjtið. EB L 222, 24.8.1999, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 141, 15.6.2000, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 15.6.2000, bls. 268.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 222, 24.8.1999, bls. 1.

2. gr.

Aðlögunarliðunum við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 í lið 54b í XII. kafla II. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Í aðlögunarlið a) falli færslur fyrir Finnland og Svíþjóð niður ásamt ákvæðum.
2. Aðlögunarliðir b) og c) falli niður.

3. gr.

Texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1804/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. júní 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.

